

AUGLÝSING

166

12. okt.

um sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpum hefur fækkað í landinu að undanfögnu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924, skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka 1942.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

REGLUR

167

21. okt.

um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum með íslenskum skipum.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 38 1942, um breytingu á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með settar reglur um benzínflutning.

1. gr.

Farþegaskipum í utan- og innanlandssiglingum skal óheimilt að flytja benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

2. gr.

Öðrum skipum skal leyft að flytja benzín eða önnur eldfim efni á þilfari, enda sé svo um farminn búð, að sem minnst hætta stafi af.

Undir þilfari má ekki flytja benzín eða efni, sem eldfimar lofttegundir geta myndast af, sem geta valdið sprengingu, nema í sérstökum þar til gerðum rúmum eða geymum.

Skipaskoðunarstjóri setur ákvæði um það, hvernig þessi sérstöku rúm skuli gerð og loftræst.

3. gr.

Reykingar og umferð með óeinangrað ljós um þilfar eða staði, sem benzín eða eldfim efni eru á, er algerlega bannað.

4. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.